



Borgarráð

Malbiksframkvæmdir 2026

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að hefja innkaupaferli vegna malbiksframkvæmda 2026.

Gert er ráð fyrir að hefja framkvæmdir í maí 2026 og er gert ráð fyrir að þeim ljúki í september .

Kostnaðaráætlun er 1.055 m.kr.

Greinargerð:

Um er að ræða Malbiksviðgerðir með ótilgreint magn, endurnýjun með fræsun og malbikun ásamt yfirlögnum:

Framkvæmdunum er skipt í tvö útboð.

Útboð 1 telur 79.000 m² og útboð 2 telur 68.400 m².

Áætlaðar heildarmagnstölur eru því um 147.400 m².


Kostnaðarstaðir: 3108

Kostnaðaráætlun: 1.055 m.kr.

Guðni Guðmundsson, skrifstofustjóri
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa framkvæmda og fasteignaþjónusta

Hjálagt:

- Kynning
- 105674-KORT-001-V03-Malbikun_Áætlun 2026_13.3.2026
- 105674-MIN-001-V01_Viðhaldspörf gatna í Reykjavík_11.3.2026



- Malbikun – Yfirlagnir
- Malbikun og fræsing



UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ
SKRIFSTOFA FRAMKVÆMDA OG VIÐHALDS
BORGARTÚNI 12-14, 105 REYKJAVÍK
Sími: 411 1111
FAX: 411 8199

Malbikun 2026 - Áætlun

Yfirlitsmynd



MINNISBLAÐ

SKJALALYKILL

3336-093-MIN-001-V01

DAGS.

11.03.2026

SENDANDI

EFLA / ERS

MÁLEFNI

VERKHEITI

Rosy- þjónusta og viðhaldspörf gatna í Reykjavík

VERKKAUPI

Reykjavíkurborg

DREIFING

Reykjavíkurborg

Viðhaldspörf og virði gatna í Reykjavík, staðan í janúar 2026

SAMANTEKT

- Á undanförnum árum hefur Reykjavíkurborg endurnýjað um 15–27 km af slitlagi árlega, sem jafngildir 4–6% af gatnakerfinu. Á árinu 2025 voru endurnýjaðir um 16 km, eða tæplega 4%, og til viðbótar voru framkvæmdar smærri staðbundnar viðgerðir sem lengja líftíma gatna.
- Heildarástand gatnakerfisins hefur verið nokkuð stöðugt síðustu ár. Hlutfall gatna í góðu ástandi (meira en fimm ár eftir af líftíma) hefur verið á bilinu 56–66%. Hlutfall gatna sem hafa náð líftíma sínum hefur lækkað jafnt og þétt og er nú 7,8%, sem er mun lægra en fyrir fáum árum. Þrátt fyrir það eru tæplega þriðjungur gatna, eða um 30%, komnar á það stig að eiga aðeins 1–5 ár eftir af líftíma sínum, sem endurspeglast í endurnýjunarpörf kerfisins.
- Áætluð endurnýjunarpörf næstu ára er sambærileg því sem verið hefur síðustu ár og gerir ráð fyrir að endurnýja 20–37 km af slitlögum á ári, eða að meðaltali um 28 km á næstu tíu árum.
- Samkvæmt fjárheimild ársins 2026, sem nemur allt að 1.055 m.kr., er gert ráð fyrir endurnýjun á um 22 km af slitlagi, eða um 5% af gatnakerfinu.

1. Inngangur

Viðhaldspörf gatna hefur um árabil verið metin með sambærilegum hætti, byggt á ástandsmati og skráningu í gatnaviðhaldskerfinu RoSy. Í þessu minnisblaði eru dregnar saman niðurstöður um ástand og viðhaldspörf samkvæmt mati í janúar 2026, að loknum framkvæmdum sumarsins 2025 og á grundvelli ástandsskoðunar haustið 2025.

2. Umfang gatnakerfis Reykjavíkurborgar

Gatnakerfi Reykjavíkurborgar hefur tekið stöðugum breytingum á síðustu áratugum, bæði með tilkomu nýrra hverfa og endurskipulagningar eldri svæða. Þegar tölur um endurnýjun slitlags og endurnýjunarpörf eru skoðaðar er mikilvægt að hafa þetta í huga.

Samkvæmt skráningu í gatnaviðhaldskerfinu RoSy nemur heildarlengd gatna um 451 km. Götunum er þar skipt í fimm flokka eftir hlutverki þeirra og umferðarmagni/umferðarpunga, eins og sýnt er í töflu 1. Lengd gatnakerfisins í RoSy er þó ekki alfarið sú sama og samkvæmt miðlínugrind Reykjavíkurborgar. Ástæður þess geta verið ýmsar, til dæmis eru umferðarpungar tvístefnugötur, eins og Höfðabakki, skráðar með tvöföldu kerfi (þ.e. aðskildri skráningu fyrir hvorar akreinar) til að auðvelda ástandsskoðun og utanumhald.

Svokallaðir skilavegir, sem fluttust frá Vegagerðinni til ábyrgðar Reykjavíkurborgar um áramótin 2021–2022, hafa hingað til ekki verið hluti af samantektum um viðhaldspörf. Þar sem þeir eru nú í umsjón borgarinnar eru þeir teknir með í þessari uppfærðu samantekt. Um er að ræða eftirtalda götukafila: Kalkofnsvegur, Geirsgata, Gullinbrú, Höfðabakki og Stekkjarbakki.

TAFLA 1 Flokkun gatnakerfis í RoSy


GÖTUFLOKKUR NR.	NAFN FLOKKS	UMFERÐARMAGN (ÁDU)	UMFANG Í ROSY [KM]	HLUTFALL
1 ¹	Stofnvegir	>15.000 per akrein	14	3%
2	Tengigötur	5.000-15.000 per akrein og/eða strætó	76	17%
3	Safngötur	1.000-5.000 per akrein og/eða strætó	148	33%
4	Stærri húsagötur	500-1.000 per akrein	82	18%
5	Minni húsagötur / botnlangar	<500 per akrein	131	29%
Samtals			451	100%

¹ Götuflokkur 1 var í upphafi skilgreindur sem *Stofnvegir í eigu Vegagerðarinnar* og er það að hluta til enn. Hins vegar voru nokkrir stofnvegir sem færðust frá ábyrgð Vegagerðarinnar til Reykjavíkurborgar áramótin 2021-2022 en þeir eru: Kalkofnsvegur, Geirsgata, Gullinbrú, Höfðabakki og Stekkjarbakki.

3. Endurnýjun slitlaga

Umfang framkvæmda við endurnýjun slitlaga á árunum 2004–2025 má sjá á mynd 1. Hér er um að ræða endurnýjun slitlaga mældra í kílómetrum gatna á ári. Til viðbótar við þessa endurnýjun er unnið að ýmsum lagfæringum á skemmdum í slitlagi sem eru ekki hluti af framangreindum tölum.

Á mynd 1 má jafnframt sjá áætlun um umfang endurnýjunar slitlaga fyrir árið 2026, byggð á áætlaðri fjárveitingu ársins frá Reykjavíkurborg. sem gert er ráð fyrir að geti numið allt að 1.055 m.kr.



MYND 1 Endurnýjun slitlaga í km á ári og hlutfall af lengd borgargatna.

Á árinu 2025 var endurnýjun slitlaga á götum borgarinnar um 3,7% af heildarlengd gatnakerfisins, sem er sambærilegt hlutfall ársins 2024 en nokkuð lægra en á árunum 2020–2023 þegar endurnýjunin var á bilinu 4,5–6,1%.

Á tímabilinu 2004–2008 var árlega endurnýjað slitlag á um 5% af gatnakerfinu að meðaltali, en hlutfallið lækkaði verulega árin 2009–2014 þegar endurnýjunin fór niður í um 3% á ári. Á árunum 2015 og 2016 jókst fjármagn til gatnaviðhalds og var endurnýjað um 4% á ári, en árin 2017–2019 jókst umfang endurnýjunar enn frekar, eins og sjá má á mynd 1. Á tímabilinu 2015–2019 var því að meðaltali endurnýjað um 6,5% af heildarumfangi gatnakerfisins á ári.

Byggt á reynslu af endingu slitlaga er talið nauðsynlegt að endurnýja tæplega 6% af götum borgarinnar árlega til að halda gatnakerfinu í ásættanlegu jafnvægi. Miðað við umfang gatnakerfisins í janúar 2026 nemur það um 26 km á ári.

Gert er ráð fyrir að fjárveiting til endurnýjunar slitlaga á árinu 2026 verði sambærileg og á síðasta ári, eða geti numið allt að 1.055 m.kr. Miðað við verðlag ársins 2025 (niðurstöður útboða) er gert ráð fyrir að unnt verði að endurnýja slitlög á rúmlega 21,5 km af götum borgarinnar á árinu 2026, sem samsvarar um tæplega 5% af heildarumfangi slitlaga.

4. Ástand gatnakerfis í Reykjavík

Í gatnaviðhaldskerfinu RoSy eru skilgreind viðmiðunarmörk um hvenær líftími gatna telst liðinn, þ.e. þegar gata er orðin það mikið skemmd að hún fellur undir skilgreind lágmarksgæði. Ástand gatnakerfis Reykjavíkurborgar hefur um árabil verið flokkað í fjóra flokka eftir áætluðum líftíma gatna, eins og sýnt er í töflu 2.

TAFLA 2 Flokkun gatnakerfis eftir líftíma

FLOKKUR	ÁSTAND	LÍFTÍMI	ÁR
A	Götur í mjög góðu ástandi	Meira en 5 ár eftir af líftíma	2031 >
B	Götur í sæmilegu ástandi	1-5 ár eftir af líftíma	2027-2030
C	Götur í slæmu ástandi	Líftíma náð	2021-2026
D	Götur í mjög slæmu ástandi	Líftíma náð fyrir meira en 5 árum	< 2020

Á mynd 2 má sjá samantekt á ástandi gatnakerfis Reykjavíkur í janúar 2025, byggða á niðurstöðum eftir framkvæmdir sumarsins 2025 og ástandsskoðun gatna haustið 2025.


Stærstur hluti gatnakerfisins, eða 62,1%, er í góðu ástandi (flokkur A), þar sem meira en fimm ár eru eftir af líftíma slitlaga.

Um 30,3% gatna eru í sæmilegu ástandi (flokkur B) og þurfa endurnýjun innan næstu ára.

7,2% gatna teljast vera í slæmu ástandi (flokkur C) og eru komnar að loknum líftíma.

Að lokum eru 0,6% gatna í mjög slæmu ástandi (flokkur D), þar sem líftími er útrunninn og brýn þörf á endurnýjun.

Samanlagt hafa því 7,8% gatna náð líftíma sínum, sem samsvarar rúmlega 31 km af gatnakerfi Reykjavíkurborgar.



MYND 2 Ástand gatnakerfis í Reykjavík í janúar 2026

Fylgst hefur verið með ástandi gatnakerfis Reykjavíkurborgar á þennan hátt um nokkurra ára skeið og á sambærilegum tíma ár hvert, þ.e. eftir framkvæmdir sumarsins og ástandsskoðun gatna að hausti. Niðurstöður síðustu ára má sjá á næstu myndum.



MYND 3 Ástand gatnakerfis í Reykjavík 2021-2025, ásamt árinu 2014 til samanburðar.

Hlutfall gatna í góðu ástandi (flokkur **A**), þ.e. með meira en fimm ár eftir af líftíma, hefur haldist nokkuð stöðugt síðustu ár og verið á bilinu 62–66%, nema árið 2023 þegar það fór niður í 56%. Á árinu 2026 lækkaði hlutfallið lítillega frá árinu áður, niður í 62%. Til samanburðar má nefna að árið 2014 var hlutfall gatna í góðu ástandi einungis um 46%, sem undirstrikar að ástand gatnakerfisins hefur tekið verulegum framförum á síðustu tíu árum.

Hlutfall gatna í sæmilegu ástandi (flokkur **B**), þ.e. með 1–5 ár eftir af líftíma, hefur einnig verið tiltölulega stöðugt síðustu ár og yfirleitt verið í kringum 24–27%. Undantekning er árið 2023 þegar hlutfallið var aðeins hærra, eða 33%, en fór síðan niður í 24–27% árin þar á eftir. Á árinu 2026 mælist hlutfallið 30%. Til samanburðar má nefna að árið 2014 voru um 33% gatna í B-flokki.

Hlutfall gatna í slæmu eða mjög slæmu ástandi (flokkar **C** og **D**), þar sem líftími slitlags er liðinn, hefur farið hægt batnandi undanfarin ár og lækkaði úr 11% árið 2021 niður í 6% árið 2025. Á árinu 2026 hækkar þetta hlutfall þó lítillega, í 7,8%. Árið 2014 var hins vegar umtalsvert verra ástand, þar sem 20% gatna voru í C-flokki og tæplega 1% í D-flokki, samanlagt um 21%, sem er um þrefalt hærra en í dag.

Heildarniðurstöðurnar benda til að ástand gatnakerfisins sé nú nokkuð stöðugt og mun betra en það var fyrir áratug. Hins vegar er vert að nefna að 30% gatnakerfisins er í sæmilegu ástandi og á einungis 1–5 ár eftir af líftíma sínum, sem samsvarar um 124 km af götum. Ef horft er til næstu fimm ára þyrfti því að viðhalda um 31 km af götum á ári í þessum flokkum (**B**, **C** og **D**) til að koma í veg fyrir að ástandið versni á ný.

Líftíma gatna má þó lengja með markvissum viðgerðum á staðbundnum skemmdum, sérstaklega ef brugðist er hratt við þegar skemmdir koma upp, áður en þær ná að valda skemmdum á undirbyggingu og auka þannig umfang og kostnað endurnýjunar.

5. Áætluð fjárþörf til endurnýjunar slitlaga

Á undanförunum sex árum, 2020–2025, hefur fjárfesting í endurnýjun slitlaga í Reykjavík verið á bilinu 800–1.200 millj. kr. Árin þar á undan, 2017–2019, var fjárveitingin hærri og nam 1.100–1.700 millj. kr. Árið 2017 varð veruleg aukning frá fyrri árum (2015–2016), þegar um 600–700 millj. kr. var varið árlega í endurnýjun slitlaga. Fyrir árið 2026 miðar áætlun Reykjavíkurborgar við sambærilega fjárhæð og á síðustu árum, eða allt að 1.055 millj. kr.

Reglulega er metin þörf fyrir endurnýjun slitlaga í RoSy-gatnaviðhaldskerfinu, og spá unnin fyrir næstu tíu ár miðað við ástand gatna hverju sinni. Í janúar 2026 var unnin slík tíu ára spá um fjárþörf, sem fram kemur í töflu 3. Hér er um að ræða áætlaða fjárþörf samkvæmt viðhaldskerfinu, en ekki fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2026.


TAFLA 3 Áætluð fjárþörf til endurnýjunar slitlaga 2026-2035 (millj.kr.).

ÁR	2026	2027	2028	2029	2030	2031	2032	2033	2034	2035
Slitlög (m.kr.)	1.000	1.000	1.200	1.500	1.700	1.800	1.700	1.400	1.300	1.100

Á næstu tíu árum er áætluð fjárþörf til endurnýjunar slitlaga í Reykjavík á bilinu 1.000–1.800 millj. kr. á ári, sem jafngildir um 20–37 km af gatnakerfinu, miðað við verðlag ársins 2025. Fjárþörfin endurspeglar núverandi ástand gatnakerfisins, sem hefur verið nokkuð stöðugt síðastliðin 5–6 ár og er gert ráð fyrir að haldist þannig næstu 2–3 árin.

Hækkun fjárþarfarinnar eftir 4–6 ár skýrist af því að um þriðjungur gatnakerfisins þarf endurnýjun á næstu árum. Því eykst þörfin jafnt og þétt þar til hún nær hámarki um 2031–2032, áður en hún lækkar á ný og færist nær grunnfjárþörf kerfisins í lok tímabilsins (sjá mynd 4).

Eins og nefnt er hér að framan er hægt að lengja líftíma gatna og þar með lækka fjárþörf í viðhald með viðgerðum á staðbundnum skemmdum ef brugðist er við tímanlega.



MYND 4 Áætluð fjárþörf til endurnýjunar slitlaga. Áætlun gerð í janúar 2026.

Þegar horft er á áætlanir um viðhaldsþörf gatna er mikilvægt að hafa til hliðsjónar lengri tímabil en eitt eða tvö ár. Ástand gatnakerfisins er breytilegt milli ára og niðurbrot slitlaga ræðst að stórum hluta af ytri aðstæðum, meðal annars veðurfari, þar sem snjór, klaki og frost hafa hvað mest áhrif. Því er æskilegt að horfa til 5–10 ára tímabila og miða fjárhagsáætlanir við meðaltal þeirra ára.

Í töflu 4 er sýnd samantekt á áætlaðri fjárþörf fyrir tvö fimm ára tímabil annars vegar og tíu ára tímabil hins vegar. Taflan sýnir meðaltal árlegrar fjárþarfar innan hvers tímabils og gefur þannig vísbendingu um það viðhaldsmagn sem æskilegt er að miða við í fjárhagsáætlunum á komandi árum.

TAFLA 4 Samanlögð þörf til endurnýjunar slitlaga. Meðaltal á ári innan tímabils.

TÍMABIL	2026-2030	2031-2035	2026-2035
Fjárbörf (millj.kr/ár)	1.300	1.400	1.400
Umfang (km/ár)	26 (5,8%)	30 (6,6%)	28 (6,2%)

Áætluð samanlögð fjárbörf til endurnýjunar slitlaga á tímabilinu **2026–2030** er að meðaltali **1.300 millj. kr. á ári**. Til samanburðar var áætluð fjárbörf síðasta árs, fyrir tímabilið 2025–2029 (minnisblað dags. 7. febrúar 2025) var 1.100 millj. kr. á ári. Munurinn skýrist bæði af breytingum á ástandi gatnakerfisins og af hækkun á verði endurnýjunar slitlaga (m.v. útboð ársins 2025).

Áætluð fjárbörf til endurnýjunar slitlaga næstu tíu árin er að meðaltali **1.400 millj. kr. á ári**, sem er lítillega hærra en kom fram í fyrra.

Miðað við verðlag ársins 2025 nemur endurnýjunarþörf næstu fimm árin að meðaltali um 26 km á ári, eða um 5,8% af gatnakerfinu, en næstu tíu árin um 28 km á ári, sem samsvarar rúmlega 6% af heildarlengd gatnakerfisins.

Fjárbörfin sem fram kemur hér er í samræmi við þá endurnýjun sem talin er nauðsynleg til að halda gatnakerfinu í ásættanlegu jafnvægi (sbr. kafla 3). Eins og tilgreint er fram hér að framan má gera ráð fyrir að endurnýjun slitlaga árið 2026 verði um 1.055 millj. kr., sem samsvarar endurnýjun á rúmlega 21 km, eða um 5% af gatnakerfinu.

Þrátt fyrir að gatnakerfið sé í ásættanlegu ástandi í dag er áfram mikilvægt að viðhalda því með reglubundinni endurnýjun slitlaga. Ráðlagt er að miða við endurnýjun upp á **um 6% á ári**, eða **24–28 km**, til að koma í veg fyrir uppsafnaðan viðhaldsvanda á komandi árum.



Malbikunarframkvæmdir 2026

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ



Lýsing á framkvæmd

Malbikunarframkvæmdir ársins skiptast í eftirfarandi verkhluta:

- Malbiksviðgerðir með ótilgreint magn
- Endurnýjun með fræsun og malbikun ásamt yfirlögnum:
 - Útboð 1 79.000 m²
 - Útboð 2 68.400 m²
- Áætlaðar heildarmagnstölur eru því um 147.400 m²





Kostnaður og verktími

Áætlaður heildarkostnaður við framkvæmdirnar er um 1.055 m.kr. sem skiptast þannig:

- Malbiksviðgerðir 210 mkr.
- Malbiksslitlög 840 mkr.

Gert er ráð fyrir að hægt verði að hefja framkvæmdir við fræsun og yfirlagnir í maí og áætlað að þeim ljúki í september 2026.

Malbiksviðgerðir eru unnar allt árið og samhliða fræsun og yfirlögnum.





Viðhaldspörf og virði gatna í Reykjavík


- Áætluð samanlögð fjárpörf til endurnýjunar slitlaga á tímabilinu 2026–2030 er að meðaltali 1.300 millj. kr. á ári. Til samanburðar var áætluð fjárpörf síðasta árs, fyrir tímabilið 2025–2029 1.100 millj. kr. á ári. Munurinn skýrist bæði af breytingum á ástandi gatnakerfisins og af hækkun á verði endurnýjunar slitlaga (m.v. útboð ársins 2025).
- Áætluð fjárpörf til endurnýjunar slitlaga næstu tíu árin er að meðaltali 1.400 millj. kr. á ári, sem er lítillega hærra en kom fram í fyrra.
- Miðað við verðlag ársins 2025 nemur endurnýjunarpörf næstu fimm árin að meðaltali um 26 km á ári, eða um 5,8% af gatnakerfinu, en næstu tíu árin um 28 km á ári, sem samsvarar rúmlega 6% af heildarlengd gatnakerfisins.
- Fjárpörfin sem fram kemur hér er í samræmi við þá endurnýjun sem talin er nauðsynleg til að halda gatnakerfinu í ásættanlegu jafnvægi (sbr. kafla 3). Eins og tilgreint er fram hér að framan má gera ráð fyrir að endurnýjun slitlaga árið 2026 verði um 1.055 millj. kr., sem samsvarar endurnýjun á rúmlega 21 km, eða um 5% af gatnakerfinu.




Endurnýjun slitlaga á ári í kílómetrum gatna

Endurnýjun slitlaga [km]

Hlutfall af lengd borgargatna [%]







Reykjavík